

Á ferð með F.Í um Kjalarnes.

Um næstu helgi, 26. apríl, hefst fyrsti áfangi í raðgöngu Ferðafélags Íslands frá Kjalarnesi til Borgarness. Ætlunin er að fylgja ströndinni að mestu alla leið. Taka leiðina í 10 áföngum og ljúka göngunni þann 19. sept.

Þeir sem koma í þessa 1. göngu eiga tveggja kosta vöð: að fara með ströndinni frá Kjalarnestöngum að Saurbæ eða að ganga á Kerhólakamb á Esju.

Strandgangan hefst á hlaðinu á Brautarholti, sem er þekkt stórbýli, kirkjustaður og höfðingjasetur frá fornu fari. Samkvæmt Landnámabók gaf Ingólfur Arnarson Helga þjólu Ketilssyni land allt milli Mógilsár og Mýdalsár (Kiðafellsár) og byggði hann sér bæ að Hofi, sem er norðan við botn Hofsvíkur, rétt utan við Grundarhverfið. Hof er nú í eyði.

Svo segir í Kjalnesingasögu: **"Þá var skógi vaxið allt Kjalarnes, svo að þar aðeins var rjóður er menn ruddu til bæja eða vega. Braut mikil var rudd eftir holtunum frá Hofi"**. Vinur Helga, Andriður að nafni, írskur að ætt, kom til Íslands og dvaldi hjá Helga vetrarlangt. Vorið eftir gaf Helgi honum land úti á holtinu og **"reisti Andriður bæ í brautinni og kallaði Brautarholt. Því skógurinn var svo þykkur að honum þótti allt annað starfameira"**. Andriði búnaðist vel og fjölgaði mjög bústofni sínum, sem gekk sjálfala í skógunum. Eitt haust týndist þrevetra kvíga er hét Mús. **"Þessi kvíga fannst þremur vetrum síðar á nesi því, er liggur til vesturs undan Brautarholti og hafði hún þá með sér tvo dilka, annan veturgamlan en annan sumargamlan. Því kölluðu þeir það Músarnes"**.

Þessar stuttu tilvitnanir í Kjalnesingasögu eru forvitnilegar. Nú er öldin önnur. Hinn glæsilegi trjágróður, sem fyrrum prýddi nesið er horfinn með öllu en við blasa berar klettaborgir og vindblásnir melar.

Margir merkismenn liðinna alda koma við sögu Brautarholts og má m.a. nefna að árið 1786 fæddist þar Bjarni Thorarensen síðar amtmaður og þjóðskáld.

Allt þetta er gott að hafa í huga, þegar staðið er á Brautarholtsborg. Hún er í suður frá bænum, 47 m yfir sjó. Þangað er sjálfsagt að ganga og lita um, því þaðan sést yfir megin hluta nessesins. Af borginni liggur leiðin út á Músarnes., sem er vestan við bæinn og skagar út í sjó langt, mjótt og grasi gróið.

Síðan hefst gangan norður með ströndinni. Þetta er greiðfær gönguleið. Hún liggur neðan við bæina Bakka og Dalsmynni og endar hjá Saurbæ. Skammt undan landi er Andriðsey, kennd við Andrið bónda, en þar átti hann að vera heygður samkvæmt frásögn Kjalnesingasögu.

Saurbær er kirkjustaðurinn, sem stendur niðri við sjóinn og blasir við sjónum manna úr Tíðaskarði sem er undir norðvestur-horni Lokufjalls. Þeir þekkja skarðið er hafa ekið vestur með Hvalfirði að sunnanverðu.

Fyrrum var Saurbær eitt mesta höfuðbólið á Kjalarnesi. Þar hefur staðið kirkja um aldir og þar bjuggu jafnan mikir auðmenn. Margar hjáleigur fylgdu Saurbæ og höfðu jarðareigendur af því drjúgar tekjur. Þar bjó Árni óreiða, einn af ribböldum Sturlungaaldar stórbúi og þar gengu enskir sjóræningjar á land sumarið 1424 og gerðu mikil hervirki. Tóku m.a. höndum tvo umboðsmenn konungs og rændu miklum fjármunum. Nú er staðarins einkum getið í sambandi við ágang sjávar. Hefur sjórinn brotið hluta af kirkjugarðinum og virðist ekkert lát á. Eftir mikinn sjávargang liggja oft bein úr garðinum í fjörunni. Er þeim þá safnað saman og grafin aftur í vígðri mold. Meðan beðið er eftir bílnum má stytta sér stundir við að

skoða kirkjuna. Þar inni eru margir skoðunarverðir og merkir munir, sem segja mikla sögu um íslenska kirkjulist að fornu og nýju.

Þetta var um gönguferðina með sjónum, en þá er það hin leiðin.

Kerhólakambur er vestast í Esju. Gangan þangað upp hefst á hlaðinu á Esjubergi, landnámsbæ Örlýgs hins gamla Hrappssonar. Þáði hann þar land af Helga bjólu, samkvæmt frásögn Landnámabókar. Nú þekkja flestir staðinn sökum þess, að þaðan leggja margir upp í gönguferð á fjallið. Sunnan við Kambinn er Gljúfurdalur. Gljúfurdalsá rennur fram úr honum í gegnum þröngt klettagljúfur. Þar breytir hún um nafn og heitir Grundará eða Flóðará eftir það. Gengið er frá túninu á Esjubergi upp hlíðina og upp á klettabeltið vestan við gljúfrið. Þaðan liggur leiðin eftir langri, atlíðandi brekku, milli Bolagils að vestan og Hestagils að austan langleiðina upp að Kambshorni. Þegar þangað er komið, eftir 2-ja - 3-ja tíma rólega göngu er stutt að fara austur eftir fjallinu að myndarlegri vörðu sem er í 851 m hæð y.s.

Á langri, rólegri fjallgöngu gefst jafnan næði til að láta hugann reika, vera einn með sjálfum sér. Þá er gott að geyma í hugskoti nokkrar góðar, stuðlaðar hendingar. Við upprifjun þeirra léttist gangan. Hér eru nokkrar, sem eiga vel við göngu sem þessa:

Þórbergur Þórðarson orti eitt sinn þetta:

**Esjan er yndisfögur
utanúr Reykjavík.
Hún ljómar sem litfríð stúlka
í ljósgrænni sumarflík.**

Gestur Guðfinnsson sló glettnislega á aðra strengi.

**Mikil lifandis ósköp er Esjan ljót
að aftan jafnt sem framan;
að skakklappast þar um skriður og grjót
er skelfing leiðinlegt gaman.**

En Einar Benediktsson var hástemmdur er hann kvað:

**Sviptigna Esja með ennið hátt,
við elskum þig, börn þín, fjallið blátt.
þú dregur oss heim.- Engin dásemd er til
sem dýrð þín á norðurveggnum.**

Útsýnið af Kerhólakambi er mikið og frítt, einkum yfir Sundin, höfuðborgina og Reykjanesskaga norðanverðan.

Norðan við Kerhólakamb er Bleikdalur (sem einnig er kallaður Blikdalur) mikill og djúpur. Sumir munu bregða sér strax ofan í dalinn og ganga niður með ánni, er rennur eftir honum miðjum, en aðrir kjósa að ganga eftir syðri brún hans og njóta um leið útsýnisins yfir Kjalarnesið, sem blasir við augum og ekkert skyggir á.

Við veginn neðan við dalsmynnið, hjá eyðibýlinu Ártúni, sem er m.a. þekkt úr kvikmyndinni um Sölku Völku, bíður bíllinn.